ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 7.tbl.3.árg.1974

VERÐ: 50 kr.

„Þjóðhátíðin":

TVÆR ÞJÓÐIR

Grundvöllur hvers þjóðfélags er framleiðslan - allt líf og ástand þjóðfélagsins endurspeglar framleiðslugrundvöllinn. Stéttaandstæður auðvaldsþjóðfélagsins stafa af misjafnri stöðu stéttanna í framleiðslunni, þ.e. borgarastéttin sem á framleiðslutækin og allt sem framleitt er, og verkalýðsstéttin sem selur vinnuafl sitt, það eina sem hún á, til þeirra sem eiga framleiðslutækin. Á þeim tímum sem kreppur hrjá framleiðsluna í auðvaldsþjóðfélaginu koma stéttaandstæðurnar skýrar fram en ella og við það opnast augu verkalýðsins betur fyrir því að hagsmunir hans eru andstæðir hagsmunum borgaranna. Á krepputímum grípur því borgarastéttin enn frekar til þess í áróðri sínum að reyna að hylja stéttaandstæðurnar og slæva þannig baráttu verkalýðsins. Samvinna stéttanna, þ.e. kúgaranna og þeirra sem kúgaðir eru, er ætíð borgarastéttinni í hag, þess vegna er "þjóðar"áróðurinn borgaralegur áróður ætlaður til að tæla verkalýðinn.

Stétt með stétt - er eitt af vígorðum fasismans, vígorðið fær sérstakt gildi á krepputímum - en einnig á "rólegri" tímum flytur borgalegi áróðurinn stöðugt fram boðskap þess leynt og ljóst.

"Þjóðhátíðar"tilstandið

"Þjóðhátíðin"í ár gegnir því hlutverki að fegra íslenska auðvaldsþjóðfélagið, hún miðar að því að fela misfellurnar og átök stéttanna. Á sama hátt og áróðurinn um "þjóðarhag" í landhelgismálinu, er "þjóðhátíðar"áróðurinn borgaralegur áróður sem borgarastéttin notar fyrir sína hagsmuni. Allt í einu eiga verkamennirnir að standa við hlið eiganda fyrirtækisins, sem allt árið hefur arðrænt þá, og fagna "sameiginlegum" hag. Allir árekstrarnir og öll niðurlæging sem verkamennirnir hafa mátt þola skal nú gleymast - í "sameiginlegum" gleðskap. Gleyma skal stéttabaráttunni, gleyma skal vinnuslysunum, gleyma skal árásunum gegn samtökum verkalýðsins, gleyma skal fangelsisdómunum gegn forystumönnunum sem stóðu í fylkingarbrjósti fyrir hagsmunum verkamanna, - stéttarhagsmunir verkalýðsins eiga að týnast í hafsjó borgaralega áróðurins um "þjóðargleðina".

En stéttvísir verkamenn missa ekki sjónar á stéttabaráttunni, minna má á viðbrögð stéttvíss verkafólks árið 1930, þegar Þingvallahátíðin stóð, þá safnaði íslenskt verkafólk peningum fyrir dráttarvél og sendi til Sovétríkjanna þar sem föðurland öreiga alls heimsins var þá. Þessi söfnun var dæmi um alþjóðahyggju öreiganna í verki, í stað þess að gleyma sér í borgaralegum þjóðrembingsáróðri sýndi íslenskur verkalýður að hann á samstöðu með öreigum annarra landa en ekki "eigin" borgarastétt.

Tvær þjóðir

Öllum áróðrinum í kringum "þjóð"-hátíðarárið er ætlað að dylja þá staðreynd að á Íslandi lifa í rauninni tvær þjóðir.

> "Meðan auðvaldsskipulagið ræður hér á Íslandi, er hér ekkert til sem heitir ein þjóð. Þá eru aðeins til tvær þjóðir, tvær stéttir: Þjóð hinna vinnandi verkamanna og bænda, sem er 85% af íbúum landsins, - og "þjóð" arðræningjanna, auðmannastéttin, hinn hverfandi minnihluti íbúanna, en drottnandi sakir eignaréttar síns á framleiðslutækjum, skipum og verksmiðjum, - lóðum og lendum. Meðan verkalýðurinn verður að þræla fyrir lélegu kaupi við fyrirtæki einstakra auðmanna og láta kasta sér út á klakann, þegar þeim býður svo við að horfa, þá á verkalýðurinn ekkert föðurland."
> Og ennfremur: "Svo lengi sem slíkt kúgunarskipulag ríkir, er rænir þá, sem vinna og vilja vinna, öllum möguleikum til sæmilegs lífs, en gefur "eigendunum" öll völd og gæði - svo lengi er ekkert til sem heitir "Ísland fyrir Íslendinga"."
> (Verkalýðsblaðið, málgagn Kommúnistaflokks Íslands, 14. tbl. 1932).

-/hh

KREPPA Í AÐSIGI

Kreppur og niðurbrot framleiðslunnar í auðvaldsheiminum eru ekki vegna skorts á vörum eða hráefnum, heldur þveröfugt, kreppur í auðvaldsheiminum koma vegna þess að ofmikið er til af vörum og hráefnum, sem ekki seljast og hlaðast því upp í vöruskemmum auðvaldsins. Kreppueinkenni auðvaldsframleiðslunnar koma einnig fram í geysilegri verðbólgu auk samdráttar á heimsframleiðslunni, en á síðasta ári dróst hún saman um 2%. Frá því að hafa aukist að jafnaði um 4% varð hún aðeins 2% 1973. Þessi samdráttur á heimsframleiðslunni og aukning verðbólgu hefur þau áhrif að kaupmáttur minnkar og markaðurinn dregst saman.

Í auðvaldsheiminum er um tvær kreppur að ræða: annars vegar offramleiðslukreppur, sem taka till einnar framleiðslugreinar (svipaða og offramleiðslukreppuna í fiskiðnaðinum hér 1967-69), og hins vegar offramleiðslukreppur sem taka til allra iðngreina auðvaldsframleiðslunnar (kreppan 1930).

Sú offramleiðslukreppa sem nú er farin að segja stöðugt meir til sín í heiminum í dag hefur öll einkenni offramleiðslu í öllum iðngreinum og samdráttar á gjörvöllum heimsmarkaðnum. En þó að offramleiðslu-og markaðsvandamál íslenska fiskiðnaðarins sé afleiðing af vaxandi heimskreppu, þá má ekki algjörlega blanda þeim saman, vegna þess að fiskiðnaðurinn hér mun örugglega brotna saman áður en heimskreppan sjálf skellur fullkomlega á.

Það gæti jafnvel skeð að fiskiðnaðurinn næði að rétta aftur við fyrir allsherjar kreppuna.

Þessari grein er ekki ætlað að taka fyrir allsherjarkreppu auðvaldsins, heldur það magnaða kreppuástand, sem íslenska auðvaldsframleiðslan er nú að komast í.

Sú offramleiðslukreppa, sem nú kemur stöðugt skýrar fram í fiskiðnaðinum hér ber öll sömu einkenni og kreppan í fiskiðnaðinum 1967-69. Hún kom fyrst fram í að markaðurinn fyrir síldarafurðir dróst gífurlega saman auk þess sem verðfall varð gífurlegt. Verðfallið hófst 1966 og hélt áfram til 1968, t.d. var gjaldeyrisverðmæti sjávarafurða árið 1967 þriðjungi minna heldur en árið áður. Einnig var geysilegur samdráttur á vöruútflutningi, og vörurnar tóku að hlaðast upp. Vöruútflutningurinn 1967 nam aðeins 4.300 milljónum kr., en hafði verið 6.000 milljónir kr. 1966, og á árinu 1968 nam vöruútflutningurinn aðeins 3.560 milljónum kr. Á þessum tveimur árum 1967 og 1968 hrapaði gjaldeyrisverðmæti sjávar-

FRH. Á BAKSÍÐU

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ OG „NÝJA" VINSTRISTJÓRNIN

HERINN BURT

Lúðvík ber merkið stoltur - en krafan um brottför hersins verður aldrei annað en skrautfjöður í hatti Alþýðubandalagsins.

Alþýðubandalagið (AB) hefur að undanförnu háð harða baráttu til þess að tryggja stöðu sína við bitlingajötu fjármálaauðvaldsins. Með áhrif sín innan verkalýðshreyfingarinnar sem höfuðtromp hefur forysta Alþýðubandalagsins spilað út spilum sínum og miðað að því að koma á endurnýjaðri "alþýðustjórn". Forysta AB veit sínu viti og hefur því uppi mikla tilburði til að blekkja þá sem hafa stutt AB í þeirri trú að flokkurinn væri raunverulegur málsvari verkalýðsins og vinnandi alþýðu. Í þessum tilgangi hefur AB-forystan sett fram skilyrði fyrir setu sinni í stjórninni - skilyrði sem eiga að sýna verkalýðnum hversu skeleggir talsmenn AB-forystunnar eru fyrir hagsmunum verkalýðsins.

Fjármálaauðvaldið hefur hagsmuni af því að AB fái nægar mútur í formi bitlinga o.fl. - því að AB hefur samvinnu stéttanna að leiðarljósi og bandalag við þessa stéttarsamvinnupostula er fjármálaauðvaldinu nauðsynlegt. Áhrif AB innan verkalýðshreyfingarinnar er það tromp sem þeir hafa, eða eins og forysta Alþýðuflokksins lýsti yfir, að það væri ekki hægt að ganga framhjá AB við myndun nýrrar ríkisstjórnar. Tök AB á verkalýðshreyfingunni og þjónusta þeirra við auðvaldið gera setu þeirra í ríkisstjórn æskilega fyrir fjármálaauðvaldið - því að þannig opnast möguleikar að hamla gegn baráttu verkalýðsins gegn þeim óhjákvæmilegu kjaraskerðingum sem efnahagskreppa auðvaldsins mun leggja á herðar verkalýðsins. Það er augljóst m.a. af þeirri reynslu sem fékkst af tveim síðustu ríkisstjórnum, að arðránsfriður fyrir fjármálaauðvaldið er best tryggður þegar AB fær sína bitlinga

FRAMHALD Á BLS.2

STARFIÐ Í VERKLÝÐSFÉLÖGUNUM

Ástand verkalýðsfélaganna í dag.

Verkalýðsfélögin eru í dag leidd af borgaralegum endurbótasinnum, sem í sérhverju verkfalli, sérhverjum kjarasamningum, við sérhvern smávægilegan árekstur á einstökum vinnustöðum o.s.frv. makka ævinlega við atvinnurekendur á bak við tjöldin, fara á bak við verkamennina, neita að framfylgja réttmætum kröfum þeirra, gera málamiðlanir sem eru kapitalistunum í hag og draga úr baráttuvilja verkamannanna og sundra einingu þeirra.

Efnahagslegu orsakirnar sem liggja að baki þessu, eru fyrst og fremst að næg atvinna er fyrir hendi og hagvöxtur íslenska kapitalismans hefur verið mikill síðan í kreppunni 1967/68. Þetta veldur annars vegar að auðvaldið getur betur tryggt sér fylgi endurbótasinnanna í forystunni, með bitlingaveitingum, stöðum í ríkisvaldinu og samtökum kapitalistanna sjálfra, og hins vegar að barátta verkamannanna er ekki víðtæk varnarbarátta, heldur bundin einstökum vinnustöðum, eða einstökum iðngreinum. Heildarverkföllin, eins og verkfallið núna í vetur, eru heldur ekki samtengd og víðtæk varnarbarátta í þeim skilningi, að þau dragi stóra hópa stéttarinnar inn í baráttuna, þvert á móti reyna endurbótasinnarnir að draga úr skipulagningu verkamannanna og baráttuvilja, og "leysa" kjaradeilurnar við samningaborðin. Þannig reyna endurbótasinnarnir í forystunni að einangra varnarbaráttu einstakra hópa stéttarinnar og kæfa baráttuna þegar í byrjun og leiða hana inn í samningaherbergin, þar sem þeir leysa málin sameiginlega með kapitalistunum.

Pólitísku orsakirnar fyrir hnignun verkalýðsfélaganna og því að borgaralegir endurbótasinnar eru allsráðandi um forystu og starf þeirra, verður fyrst og fremst að rekja til hnignunar Kommúnistaflokks Íslands og úrkynjun hans yfir í hreinræktaðan borgaralegan verkalýðsflokk - sem Alþýðubandalagið er í dag. Ítök Alþýðubandalagskratanna gera það að sérstaklega brýnu verkefni, að sýna verkamönnum fram á, svart á hvítu, að AB er ekki verkalýðsflokkur, heldur borgaralegur flokkur sem í nafni sósíalismans makkar við atvinnurekendur og gegnir höfuðhlutverki sínu sem þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar innan raða verkalýðsins.

Þar sem verkamennirnir hafa ekki átt sér neinn verkalýðsflokk, sem hefur haft byltingarsinnaða stefnuskrá og starfsaðferðir, en í staðinn lagt traust sitt á borgaralega endurbótasinna í forystu AB, hafa þeir horft aðgerðarlausir á endurbótasinnana færa verkalýðsfélögin af vinnustöðunum sjálfum og inn á skrifstofurnar, þar sem þeir eru einvaldir. Endurbótasinnarnir í verkalýðsfélagsforystunni hafa dregið stórlega úr lýðræðinu innan verkalýðsfélaganna, svipt verkamennina valdinu til að ráða einir trúnaðarmönnum eða trúnaðarráðum á vinnustöðum sínum, dregið úr almennum fundum verkalýðsfélaganna, þrengt umræður og umræðutíma á fundunum, haldið aftur af skipulagningu verkfallsvakta í heildarverkföllum, komið á samningum til tveggja ára í senn o.s.frv. o.s.frv. Allt þetta hefur þeim tekist vegna þess, að verkamennirnir hafa ekki átt sér neitt pólitískt forystuafl, verkalýðsflokk sem hefur getað spornað gegn þessari úrkynjun og afhjúpað svikabrögð endurbótasinnanna frammi fyrir almennum meðlimum á skipulegan og auðskilinn hátt. Sú mótstaða sem verkalýðsforystan hefur mætt, hefur næstum eingöngu verið frá einstökum verkamönnum eða verkamannahópum, sem ekki hafa haft með sér annað skipulag en þessa faglegu andstöðu og þá venjulegast án tengsla við almenna félaga verkalýðsfélaganna. Árangurinn hefur skiljanlega orðið sá, að verkamenn hafa hætt að mæta á fundi verkalýðsfélaganna, misst sjónar á mikilvægi sjálfstæðrar skipulagningar á vinnustöðunum sjálfum o.s.frv. Í kreppunni 1967/68, þegar fjöldi verkamanna leitaði til verkalýðsfélaganna til að skipuleggja varnarbaráttu sína gegn launaskerðingarárásum atvinnurekendanna, veittist endurbótasinnuðu forystunni auðvelt að halda forystu baráttunnar í sínum höndum og lægja öldur hennar og semja bak við tjöldin við kapitalistana, einmitt vegna þess að verkamennirnir sem mjög margir voru óánægðir með forystuna, áttu sér engin pólitísk samtök sem gátu leitt baráttuna gegn endurbótasinnunum og svikum þeirra og voru því ekki reiðubúnir til að mæta svikum forystunnar skipulega.

Um starf kommúnista innan verkalýðsfélaganna.

Þrátt fyrir það að endurbótasinnarnir hafi þrengt lýðræði verkalýðsfélaganna gífurlega og gert þau að tækjum í höndum auðvaldsins, mun ástandið samt breytast, þegar kjaraskerðingar auðvaldsins aukast og varnarbarátta stærri hópa stéttarinnar færist samhliða í vöxt. Þá mun það sama gerast og gerðist 1967/68, stórir hópar verkamanna munu streyma inn í verkalýðsfélögin til að skipuleggja baráttuna þar. En slíkt mun ekki gefa árangur, nema fyrir hendi sé skipulagður andstöðuarmur innan verkalýðsfélaganna, sem gæti

FRH. Á BAKSÍÐU

LESIÐ UM SUMARMÓT KSML Á BAKSÍÐU

NIÐURSTÖÐUR KOSNINGANNA BLS.2

UM KOMINTERN BLS.2

MÁLSHÖFÐUN „VARINS LANDS" BLS.3

HVER VAR MANNERHEIM ? BLS.3

LEIÐARI Leiðarinn túlkar afstöðu miðstjórnar.

Pólitískar niðurstöður kosninganna

"Almennur kosningaréttur er mælikvarði á þroska verkalýðsins. Meira getur hann aldrei orðið í nútíma ríki."

Þessi mælikvarði þótt takmarkaður sé er sá eini sem kommúnistar geta lagt á kosingarnar, þ.e. hversu stór hluti verkalýðsstéttarinnar er reiðubúinn til að fylkja sér undir stefnu kommúnismans. Verkefni okkar er ekki að standa og benda á þessa staðreynd sem kosningarnar sýna, heldur að leita orsakanna fyrir því hvers vegna verkalýðurinn tekur ekki afstöðu fyrir kommúnismann í þein tilgangi að geta lagt fram alhliða bardagaaðferð til að vinna verkalýðinn fyrir langtímamarkmið kommúnismans.

Efnislegi grundvöllurinn fyrir því að verkalýðurinn fylgir borgaralegu flokkunum er eins og Lenín hefur sýnt fram á aukagróði heimsvaldastefnunnar:

> "Það er skiljanlegt, að með þessum aukagróða er auðmennirnir öðlast fram yfir þann ágóða, sem þeir kreista út úr verkalýð síns eigin lands, geti þeir mútað verklýðsleiðtogum og þeim hluta verkalýðs, sem er best settur. Og auðvaldið í "framfaralöndunum" mútar þeim - mútar þeim á ótal vegu, beint og óbeint, opinskátt og í laumi."

Það er ekki þannig að borgarastéttin múti allri verkalýðsstéttinni í heimsvaldalöndunum, heldur hefur hún mútað og keypt til fylgis við sig foringja og efsta lag verkalýðsstéttarinnar. Það eru einmitt þessir "foringjar" sem vinna leynt og ljóst að því að færa verkalýðinn undir klafa borgaralegu þingræðisfordómanna og svipta þá sýn á eigin stéttarhagsmunum og fá þá til að taka afstöðu fyrir stéttarhagsmuni borgarastéttarinnar. Þess vegna skilgreindi Lenín sósíaldemókratana sem þjóðfélagslega höfuðstoð borgarastéttarinnar. Borgaralegu verkalýðsflokkarnir, Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn eru leiðandi fyrir borgaralegu hugmyndirnar meðal verkalýðsins. Innan þessara flokka eru einnig flestir uppkeyptu verkalýðsforingjarnir. Það er ekki aðeins á þingpöllunum sem þeir boða þessa afstöðu sína, heldur, og það er mikilvægara, hvarvetna í fjöldasamtökum verklýðsins.

Hin gegnum-borgaralega pólitík þessara flokka, kemur skýrt fram þegar þeir með starfi sínu í verkalýðsfélögunum vinna í hverju máli gegn skipulagningu verkalýðsins á grundvelli verkalýðsstéttarinnar - þeir kljúfa verkalýðinn frá stéttarhagsmunum sínum og færa alla baráttu hans niður á grundvöll borgaralegrar krónubaráttu sem hvergi kemur nærri orsökum stéttaátakanna og felur ekki í sér neina lausn fyrir baráttu verkalýðsins.

Fjármálauðvaldið notar aukagróðann til að múta borgarlegu verkalýðsforingjunum - þess vegna hafa þessir "foringjar" ekki sömu efnalegu hagsmuni og allur fjöldi verkalýðsins. Þeir hafa gengið á mála hjá auðvaldinu og hafa því hagsmuni af viðhaldi kapitalismans gagnstætt hagsmunum verkalýðsins. Hugmyndafræði og pólitík þessara "heldri verkamanna" er því framandi hinum breiða fjölda verkalýðsins. Þeir eru uppkeyptur skríll með það hlutverk að afvegaleiða baráttu verkalýðsins.

Tengsl sósíaldemókratísku verkalýðsforingjanna við ríkisvald borgarastéttarinnar liggja í gegnum nefndir og ráð í ríkisvaldinu sem kratarnir hafa tekið sæti í. Þeir eyða megninu af sínum fundartíma á fundum með fulltrúum auðvaldsins - en fundir þeirra með verkamönnum tilheyra undantekningunni. Eðvarð Sigurðsson formaður Dagsbrúnar er dæmigerður uppkeyptur krati, alþingismaður og nefndarseti. Á verkalýðsfélagafundum hindrar hann umræður um vandamál stéttarinnar en situr því fleiri stundum með fulltrúum borgarastéttarinnar og ræðir vandamál auðvaldsskiplagsins og hvernig beri að leysa þau á kostnað verkalýðsins. Þessi uppkeypti skríll og pólitík hans er því taktískur höfuðóvinur verkalýðsins á Íslandi í dag.

Eitt höfuðverkefni okkar kommúnista, með það markmið að sameina verkalýðinn, er því að afhjúpa svik raunverulegu klofningsmannanna - kratabroddana, sem eru fimmta herdeildin innan raða verkalýðsins. En það væri "vinstri" hentistefna ef við létum það nægja að benda á svikin en störfuðum ekki um leið að því að úthýsa þessum svikurum úr röðum verkalýðsins.

Kosningarnar og KSML

Árangur KSML í alþingiskosningunum verður að skoða í ljósi þess hversu okkur hefur tekist að vinna að þessu verkefni. Þannig er það ljóst að áróður og útbreiðslustarf samtakanna hefur ekki náð í neinum mæli inn í raðir verkalýðsins, við höfum ekki náð neinum umtalsverðum árangri í því að afhjúpa og einangra uppkeyptu forystuna í verkalýðsfélögunum og sósíaldemókratíu Alþýðubandalagsbroddana.

En það ereinnig mikilsvert að hafa það í huga að KSML eru 2ja ára gömul samtök sem eru í rauninni aðskilin frá fjöldahreyfingum hins vinnandi lýðs. Forsendur þess að kommúnisminn geti náð fylgi meðal íslensk verkalýðs eru þær að okkur takist að sýna verkafólki fram á að umbótasinnarnir þjóna ekki hagsmunum þeirra og aðeins með því að starfa meðal verkalýðsins getum við gert okkur vonir um að ná þessu markmiði.

Til þess að sjá þetta skýrar er rétt að athuga hvernig borgaralegu flokkarnir vinna og tryggja áhrif sín meðal fjöldans. Sjálfstæðisflokkurinn leggur sína þræði hvarvetna í þjóðfélaginu, öllum eru kunn tök hans á íþróttahreyfingunni, skátahreyfingunni og víðar. Einmitt með því að starfa á meðal fjöldans tekst flokknum að koma út sínum áróðri í margvíslegu formi t.d. segja þeir að íþróttir og pólitík eigi ekki að blandast saman en í rauninni nota þeir íþróttahreyfinguna í pólitískum tilgangi. Með því að senda sínar toppfígúrur í efstu stóla íþróttasamtakanna eða með því að setja í framboð á vegum flokksins þekkta íþróttamenn vinna þeir að því að efla áhrif sín í fjöldahreyfingunni. Áróðurinn fyrir því að íþróttir og pólitík eigi ekki að blandast þjónar einnig þeirra markmiðum, því þessi áróður hylur stéttaandstæðurnar sem eru til staðar jafnt í íþróttahreyfingunni sem annarstaðar í þjóðfélaginu.

Með áratuga starfi í fjöldahreyfingum og milljónasjóði til að ausa úr, breiða þeir út borgaralegu hugmyndafræðina. Með blaðakosti sínum, með aðgangi sínum að ráðum og nefndum, með yfirráðum yfir opinberu fjölmiðlunum starfa borgaralegu flokkarnir sífellt að því að festa borgaralegu hugmyndirnar í sessi.

KSML verður því, allstaðar í fjöldahreyfingum verkalýðsins, að vinna gegn borgaralegu hugmdafræðinni, sérstaklega í verkalýðsfélögunum. Þar verður að vinna kommúnisku hugmyndunum fylgi og einangra uppkeyptu forystuna og sósíaldemókratísku straumana meðal meðal verkalýðsins. Þeir lærdómar sem við getum dregið af kosningunum pólitískt séð eru því að styrkur sósíaldemókratísins meðal verkalýðsins er mjög mikill og barátta okkar gegn þessum borgaralegu straumum verður að vera höfuðinntak pólifískrar baráttu okkar fyrir einingu verkalýðsins á byltingarsinnuðum grundvelli.

5/8

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ

FRAMHALD AF FORSIDU

vel úti látna. Bandalag fjármálaauðvaldsins við sósíaldemókratana byggir á þessum grunni. Hlutverk kratanna í AB er því að grafa undan einingu verkalýðsstéttarinnar og hindra þannig hina nauðsynlegu baráttu gegn aðgerðum fjármálaauðvaldsins. 1944 kom þetta berlega í ljós við myndun nýsköpunarstjórnarinnar svokölluðu. Þá gerði fjármálaauðvaldið bandalag við vinstri-kratana í Sósíalistaflokknum vegna þess að þeir voru eina aflið sem gat haldið baráttu verkalýðsins í skefjun - en verkalýðurinn var þá mjög herskár í efnahagslegu baráttunni eins og skæruverkföllin 1942 sýndu.

Skilyrði Alþýðubandalagsins

En hver eru þá lágmarksskilyrði AB fyrir því að setjast í ríkisstjórn? Í leiðara Þjóðviljans 25.7. s.l. eru sett fram 7 atriði sem "ákveðin lágmarksskilyrði fyrir þátttöku (...) í samsteypustjórn." Í fyrsta lagi er það lágmarksskilyrði AB "að kjör þeirra lægst launuðu séu varin og að gengið sé hart gegn gróðabröskurum". Þetta lítur vel út á pappírum en er í rauninni aðeins innantóm blekking. Kjör hinn lægstlaunuðu skal verja, segja þeir - en hver einasti verkamaður veit að kjör hinn lægslaunuðu hafa farið versnandi og launabilið hefur aukist gífurlega á tímabili vinstri stjórnarinnar. Hver einasti verkamaður veit að það kostar nú enn lengri vinnudag að hafa í sig og á - á sama tíma og lúxus borgaranna verður æ meira áberandi í formi dýrra bifreiða og stærri húsa. Þótt AB ætli sér að verja allt þetta þá er það í augum verkafólks óverjandi ástand. Það er AB sem hindrar í rauninni að verkalýðurinn berjist árangursríkri baráttu fyrir betri kjörum - því að eina leiðin fyrir verkalýðinn til að bæta kjör sín er að sameinast til baráttunnar á grundvelli stéttarinnar - en AB stendur á grundvelli borgarastéttarinnar og boðar samvinnu stéttanna til hagsbóta fyrir fjármálaauðvaldið.

Baráttan gegn bröskurunum hefur ætíð verið eitt af slagorðum AB-kratanna. En hverjir eru þessir braskarar sem AB er annt um að útrýma? Jú, það eru aðallega heildsalar og lögfræðingar, sem eru í fasteignabraski - mestmegnis smáborgarar (Þjóðviljinn hefur m.a. birt tölur um fjölda heildsala til að sýna að fækka megi í þeim hópi - og auðvitað eru það þeir smærri sem eru "hreinsaðir"). En AB segir minna um fjármálaauðvaldið sem eru hinir raunverulegu valdhafar og hafa beina hagsmuni af því að smærri borgarar fari á hausinn. Krafa AB um að "taka bröskurunum ærlegt tak" er því einungis blekkingarkrafa sem ekki beinist að raunverulegum "bröskurum" þessa lands - heldur þjónar þeim.

Í öðru lagi gerir AB þá kröfu að nýja ríkisstjórnin hafi sem markmið að "auka jafnrétti þjóðfélagsþegnanna". Jafnrétti í auðvaldsþjóðfélagi er óhugsandi, jafnvel borgaralega lýðræðið, sem í orði lýsir yfir jöfnuði allra, ber merki ójafnaðarins. Það eru t.d. þeir ríku sem ráða blöðunum og það eru fulltrúar hagsmuna þeirra sem sitja í útvarpsráði. Trú AB á auðvaldsþjóðfélagið kemur fram í þessari kröfu um launajafnrétti - því að það er óframkvæmanlegt í kapitalísku þjóðfélagi eins og m.a. reynslan af síðustu samningum sýnir. Krafa AB um aukið jafnrétti er því ætluð til að hylja raunverulegt eðli auðvaldsþjóðfélagsins.

Þriðja lágmarksskilyrði AB er "áframhaldandi uppbygging innlendra og þjóðnýttra atvinnuvega". Ennfremur: "Erlendir auðhringar eiga hins vegar ekkert erindi til Íslands". Umhyggja AB-broddanna fyrir innlendu auðvaldi er alkunn - en þeir hafa einnig sýnt áhuga fyrir bróðurlegum samskiptum heimsauðvaldsins. Má nefna Union Carbide áformin og hrifningu Magnúsar Kjartanssonar vegna möguleika íslenska auðvaldsins að arðræna Gambíumenn í Afríku.

Í fjórðu kröfunni er einnig lagt til að "hlutdeild opinberra og félagslegra aðila fari vaxandi í atvinnurekstrinum". Tal AB-broddanna um sameiningu banka, tryggingafélaga, olíufélaga - og samsláttur flugfélaganna eru dæmi um vaxandi hlutdeild opinberra aðila í atvinnurekstrinum, þ.e. hvernig ríkisvaldið þjónar hagsmunum einokunarauðvaldsins betur. Einokunarhringur Flugleiða, sem var myndaður með aðstoð vinstri stjórnarinnar og er í nánum tengslum við Eimskipafélagið og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, ræður nú mestöllu hótelrými hér á landi (hótel og flugfélög erlendis að auki). Þessi einokunarhringur er lifandi dæmi um "opinbera og félagslega aðild" í atvinnurekstrinum, samkvæmt módeli AB. Krafa AB er því eingöngu krafa um enn frekari tök einokunarauðvaldsins á atvinnulífinu.

Fimmta krafan er um aukna nýtingu innlendra orkugjafa - fyrir innlent auðvald að sjálfsögðu.

Í sjötta lagi krefst AB þess að nýja ríkisstjórnin eigi gott samstarf við verkalýðshreyfinguna og stuðli að traustari áhrifum verkalýðsins í þjóðlífinu.

Aukin áhrif verkalýðsins í þjóðfélaginu þýða í munni AB-broddanna fleiri nefndir og bitlinga fyrir uppkeyptu verkalýðsforystuna - fleiri bankastjórastöður fyrir gæðinga AB og fleiri embætti til handa þeim AB-lýð sem hefur sósíalismann á vörunum, en framkvæmir vilja auðvaldsins í verki.

Tvær síðustu kröfurnar eru 200 mílurnar og brottför hersins. Allir borgararnir eru sammála um 200 mílurnar, því að útfærslan þjónar hagsmunum þeirra. Krafan um brottför hersins er í rauninni eina málið sem AB færir fram af meiri "hörku" en hinir borgaralegu flokkarnir. Ástæðan fyrir því er sú að með því sýnir AB-forystan á sér vinstri vangann og heldur fylgismönnum sínum í ró. En framkvæmd þessa máls er allt annar handleggur, sjónarmið Framsóknar, sem AB-forystan sættir sig við, ráða ferðinni eins og skýrt kom fram í ferð utanríkisráðherrans til Bandaríkjanna fyrir skömmu.

Í heild mynda öll "lágmarksskilyrði" AB-broddanna vel framreiddan blekkingarleik gagnvart verkalýðnum.

Það er fráleitt að hugsa sér að fjármálaauðvaldið veiti bitlinga og mútur þeim sem í rauninni ætla að ganga af því dauðu, og það er jafn fráleitt að ætla það að AB-forystan, sem nú byggir tilveru sína á mútuveitingum fjármálaauðvaldsins, framkvæmi nokkra þá aðgerð sem gengur á móti hagsmunum þess - og allra síst er hægt að ætla að kjör borgarastéttarinnar verði þrengd til hagsbóta fyrir verkalýðinn með handaupprettingu á Alþingi á grundvelli þess þjóðfélagskerfis og leikreglna, sem borgarastéttin hefur sjálf skapað.

Allar þær umbætur og breytingar sem verkalýðurinn hefur náð fram eru árangur baráttu hans sjálfs í návígi við auðvaldið - en þingpostular verkalýðshreyfingarinnar hafa ætíð unnið þeirri baráttu ógagn.

-/hh

Sess Komintern í sögunni

Við höfum sagt að til þess að geta lagt upp rétta bardagaaðferð í stéttabaráttunni verðum við að tileinka okkur sögulega reynslu verkalýðsbaráttunnar og fyrst og fremst reynslu sósíalísku ríkjanna. Mao Tse-tung hefur sagt um hvað beri að leggja höfuðáherslu á í náminu, að "Ennfremur beri okkur að nota Sögu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (bolsévíkanna) sem grundvallarefni við nám í marxismanum-lenínismanum". Þetta telur Mao mikilvægt til að koma í veg fyrir að námið verði óvirkt og einangrað að nema hlutstætt sögu KFR (b) til að byggja starf sitt á sögulegri reynslu þeirra. Inn í sögu KFR(b) fléttast líka saga þriðja alþjóðasambandsins og er raunar hluti af sögu þeirra og reyndar allra kommúnísku flokkanna í heiminum á þeim tíma. Þess vegna ber okkur einnig að nema sögu þess og fylgja þeim almennu skilgreiningum sem það gerði fyrir byltingarbaráttu kommúnísku flokkanna á núverandi tímaskeiði kapítalismans.

Til að skilja betur hvað þriðja Alþjóðasamband kommúnista var fulltrúi fyrir er nauðsynlegt að skyggnast til baka í baráttusögu verkalýðsins fyrir réttri kommúnískri línu á ýmsum tímabilum sögunnar.

Alþjóðasamband kommúnista var þriðja alþjóðasamband verkalýðsins, sem var stofnað til að sameina byltingaröflin eftir að annað alþjóðasambandið hafði algjörlega svikið og gerst talsmaður þjóðernisstefnu. Fyrsta Alþjóðasambandið (stofnað 1864) markaði söguleg skil í stéttabaráttunni, einnig annað Alþjóðasambandið (st. 1894), en þriðja Alþjóðasambandið (st. 1919) er þó mikilvægast fyrir okkur, því það er starfandi á tímaskeiði hinna sigursælu sósíalísku byltinga á tímaskeiði heimsvaldastefnunnar. Þriðja Alþjóðasambandið var samband allra raunverulegra kommúnískra flokka í heiminum. Þessi heimssamtök kommúnista voru algjörlega leiðandi fyrir alla byltingarbaráttu á því tímabili sem það starfaði (1919-1943). Það vann að stofnun og styrkingar kommúnískra flokka alls staðar í heiminum. Hér á Íslandi var til dæmis stofnaður kommúnistaflokkur 1930, KFÍ, að tilstuðlan og með beinni aðstoð Komintern, sem sendi hingað fulltrúa til að vinna með íslenskum kommúnistum að undirbúningi og stofnun KFÍ, sem gerðist síðan ein deildin í Komintern eins og allir aðrir kommúnískir flokkar í heiminum á þessum tíma.

Alls konar sjálfskipaðir fræðimenn kommúnismans eins og trotskýistar anarkistar, syndikalistar, bæði "vinstri" og hægrihentistefnumenn hafa ætíð talið það sína æðstu skyldu að gagnrýna línu Komintern. Gjarnan fullyrða "vinstri" öfgamennirnir að það hafi verið leiðandi fyrir úrkynjun kommúnísku flokkanna í Vestur-Evrópu.

Að lína þess í ýmsum mikilvægum spurningum hafi leitt kommúnísku flokkana út í fúafen hægri hentistefnunnar, þessi algjörlega rakalausa gagnrýni hefur leitt til þess að í dag eiga alls konar últra "vinstri" hugmyndir tiltölulega sterk ítök í kommúnísku hreyfingunum, eins og t.d. trotskýismi og anarkismi, sem hefur leitt til einangrunarstefnu, orðið til þess að veikja og slæva útbreiðslu kommúnismans.

Það að flokkar v-Evrópu urðu hægri hentistefnunni að bráð, sannar því ekki að sameiginleg lína Komintern hafi verið röng og hefur raunar ekkert með það að gera, alveg eins og gagnbyltingin í Rússlandi sannar ekki að sósíalisminn sé ekki réttur. Það sem spurningin stendur því raunverulega um er, af hverjum og hvernig var almenn lína Komintern færð út í verki, en ekki um það, hvort hún var rétt, því það hefur hún sannað í sigursælum byltingum nýlendanna og heimsvaldalandanna.

Á þetta verður aldrei nógsamlega bent, þegar við erum að vinna fram réttu bardagaaðferðirnar fyrir íslensku byltinguna. Við skulum láta trotskýistunum það eftir að fullyrða að lína Komintern hafi beðið sögulegt skipbrot, en tileinka okkur í staðinn skarplega sýn Leníns á stöðu þriðja Alþjóðasambandsins í sögunni.

"Fyrsta Alþjóðasambandið (1864-72) leiddi myndun alþjóðlegra samtaka verkalýðsins til undirbúnings byltingarsinnaðrar árásar hans á auðmagnið. Annað Alþjóðasambandið (1889-1914) var alþjóðleg samtök hreyfingar öreiganna, en vöxtur hennar fór fram á breiddina, sem kostaði tímabundna lækkun á byltingarsinnaða stiginu og tímabilsbundna styrkingu hentistefnunnar, sem að lokum leiddi til hins svívirðilega falls þessa alþjóðasambands.

Þriðja Alþjóðasambandið kom raunverulega fram 1918, þegar hin löngu ár baráttu gegn hentistefnunni og sósíalþjóðernishrokanum, sérstaklega á meðan að stríðið stóð yfir, leiddi til myndunar kommúnískra flokka í nokkrum löndum.

Opinberlega var þriðja Alþjóðasambandið stofnað á fyrsta þingi þess í mars 1919 í Moskvu.

Og það sem var megin einkenni þessa Alþjóðasambands er ætlunarverk þess að efna að fullgera reglur marxismans og framkvæma aldagamla hugmynd um sósíalisma og verkalýðshreyfingu - þetta mest einkennandi atriði þriðja Alþjóðasambandsins hefur þegar sýnt sig ljóslega í þeirri staðreynd að hið nýja þriðja "Alþjóðlega Verkamanna Sambandið" hefur nú þegar byrjað að þróast, að vissu marki, í Sambandi Sovét Sósíalískra Lýðvelda.

(V.I. Lenín Coll. Works vol. 29. bls. 306-307).

Það er með þessa skilgreiningu Leníns sem okkur ber að taka afstöðu til árangurs af starfi þriðja Alþjóðasambandsins, en hafna rakalausum fullyrðingum "vinstri"-hentistefnunnar um að við getum ekki í starfi okkar í dag notað sömu baráttuhefðir og kommúnistaflokkar þriðja Alþjóðasambandsins beittu í áraraðir undir forystu félaga Leníns og Stalíns, með góðum árangri.

GA.

Rauða Stjarnan
Bókabúð

Rauða Stjarnan : Skólastræti 3B, Reykjavík. Ath. breyttan opnunartíma: Opið mánud., fimmtud. og föstud. kl. 18-20 og laugard. 10-12.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 7. tbl. 3. árg.
7. ágúst 1974.
Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

Mannerheim: Hetja borgaranna en fjandmaður verkalýðsins

Í ríkisútvarpinu er nýlokið lestri endurminningar Mannerheims marskálks, "frelsishetju" finnsku þjóðarinnar eins og borgararnir kalla hann. Borgarar heimsins líta með ást og virðingu til Mannerheims sökum þess hversu leiðandi hann var í baráttunni gegn verkalýðnum og kommúnismanum í heiminum. Í æviminningunum lýsir Mannerheim sjálfum sér sem eins konar riddara í fórnfúsri krossferð gegn illum öflum kommúnismans. Hann útmálar hvernig Rússland keisarans hafi verið fyrirmyndarríki á jörð, og hvílík afturför það hafi verið er rússneskur verkalýður braut niður kúgunarfjötra auðvaldsins og reisti ríki verkalýðsins.

Mannerheim lýsir skefjalausri kúgun finnskrar borgarastéttar á verkalýðnum sem "baráttu hugprúðra drengja gegn áhrifum bolsévismans í röðum finnskra verkamanna" og hann lýsir fjöldamorðum fasistasveita þeirra, er lutu hans stjórn, á finskum verkamönnum og bændum sem "upprætingu nokkurra öfgamanna á launum frá Moskvu"; allt gert í þágu þjóðarhagsins, að sjálfsögðu, en svo kalla borgararnir venjulega hagsmuni sína.

Þýðandi og lesari endurminninga Mannerheims, Sveinn Ásgeirsson, sleppir úr lestri sínum hluta endurminninganna, sem fjalla um skefjalausa aðdáun Mannerheims á Hitler og Mússólíni, og hversu mikið sé hægt að læra af vinnubrögðum fasistanna. Þetta þykir þýðandanum líklega of afhjúpandi fyrir fasistann Mannerheim. Hér á eftir verður í stuttu máli rakin ævi Mannerheims út frá sjónarmiði verkalýðsstéttarinnar. Þau viðbjóðslegu óþverraverk, sem hann vann, líta öðruvísi út frá verkalýðsstéttinni séð, en frá talsmönnum borgaranna eins og Sveini Ásgeirssyni og útvarpsráði.

Karl Gústaf Emil Mannerheim fæddist í Finnlandi árið 1867. Hann var af aðalsættum, og kaus sér hermennskuna sem ævistarf. Ekki þótti hinum framagjarna Mannerheim sem hróður sinn yrði mikill ef hann yrði ævilangt í Finnlandi, sem þá var undir Rússakeisara, og kaus hann því að ganga í þjónustu svartasta afturhalds í Evrópu, rússneska zarsins. Hann hóf hermennskuferil sinn sem liðsforingi í rússneska riddaraliðinu. Mannerheim fékk fljótlega orð á sig fyrir að vera hundtryggur keisaranum og svarinn andstæðingur allra þjóðfélagsumbóta. Þegar byltingaraldan gekk yfir Rússland árið 1905 gætti ólgunnar einnig í ríkum mæli meðal óbreyttra hermanna innan hersins, og fjöldi þeirra snerist gegn einveldinu og tók málstað alþýðunnar. Svar herforingjanna við ólgunni innan hersins var að berja niður með hörku sérhvert frávik frá aganum. Mannerheim lýsir þessu svo í endurminningum sínum: "Gripið var til þess ráðs að skjóta nokkra verstu óeirðarseggina í hverri hersveit öðrum til viðvörunar, og hlýtur það að vera sjálfsögð agaaðgerð í hverjum þeim her, sem halda vill aga og undirgefni óbreyttra hermanna við yfirboðara." Svo rösklega gekk Mannerheim fram við að bæla niður ólguna innan hersins, að honum voru falin ábyrgðarmeiri verkefni til að leysa af hendi, svo sem að bæla niður uppþot verkamanna, dreifa mótmælagöngum og brjóta á bak aftur verkföll, og stjórna öðrum ofbeldisverkum í garð hinnar vinnandi alþýðu.

Keisaranum þótti ekki ónýtt að hafa slíkan einveldissinna í liði sínu og reis stjarna Mannerheims stöðugt, uns að því kom að hann var gerður að herforingja í lífverði keisarans í Pétursborg. Herdeild sú, sem hann þjónaði í þar, bar ábyrgð á morðum á fjölmörgum byltingarsinnuðum verkamönnum og félögum í Bolsévíkaflokknum.

Eftir Októberbyltinguna flúði Mannerheim til Finnlands, sem þá var búið að fá sjálfstæði. Baráttuhugur finnskra verkamanna og bænda var mikill, og landið rambaði á barmi alþýðuuppreisnar. Finnsku borgararnir uggðu um völd sín, og vígbjuggust til árása á verkalýðinn með því að koma sér upp fasískum sveitum. Þessar sveitir voru kallaðar Lappo-sveitirnar og voru þjálfaðar í ofbeldisverkum í Þýskalandi. Mannerheim tók við stjórn þeirra í janúar 1919 og á fjórum mánuðum tókst þeim með fádæma ofbeldi að eyða samtökum kommúnista og drepa eða setja í fangabúðir framsæknasta hluta finnskrar verkalýðsstéttar. Settist þá fasistinn Mannerheim í sæti ríkisstjóra og sat í því næstu sjö mánuðina, en á því tímabili var síðustu liðsmönnum alþýðubyltingarinnar útrýmt og hún kæfð niður að fullu og öllu. Árið 1919 er eitt svartasta ár sem finnsk verkalýðsstétt hefur lifað, og það þarf að leita til Hitlers-Þýskalands til að fá hliðstæðu við þau grimmdarverk sem Lapposveitirnar unnu.

Í því sjónarspili sem finnsku borgararnir settu á stofn í ársbyrjun 1920 og kölluðu lýðveldi, léku menn eins og Mannerheim aðalhlutverkið. Þeir kynntu undir þjóðernisæsingum, ofsóknir voru á hendur Gyðingum og kommúnistar voru bannaðir og ofsóttir. Finnland var raunverulega hálffasískt land, þar sem allri baráttu verkalýðsins voru settar strangar hömlur og Lappo-sveitirnar sáu um með grimmdarverkum sínum að kæfa niður sérhverja pólitíska vakningu hans. Á árunum milli stríða var rekinn gífurlegur áróður gegn Sovétríkjunum, og finnska leyniþjónustan barðist gegn Komintern á alþjóðamælikvarða með njósnum og hermdarverkum.

Árið 1931 var Mannerheim gerður að formanni "Varnarráðsins" en það var nafnið sem borgararnir nefndu herráð sitt. Við endurskipulagningu hersins naut Mannerheim dyggrar aðstoðar þýskra og ítalskra fasista, sem m.a. þjálfuðu bæði her og lögreglu. Á árunum 1931 - 39 var byggð upp hin svokallaða Mannerheim-lína á landamærum Finnlands og Ráðstjórnarríkjanna en hún samanstóð af neti birgða- og herstöðva sem undirbjuggu árás á verkalýðsríkið Sovétríkin, með stuðningi heimsauðvaldsins. Í vetrarstríðinu stýrði Mannerheim finnska hernum og þýsku "ráðgjöfunum" í baráttunni gegn Sovétríkjunum. Í þessu stríði studdu Hitler og Mússólíni lagsbróður sinn Mannerheim með öllum tiltækum ráðum, allt frá áróðursherferð gegn Sovétríkjunum á alþjóðavettvangi til beinnar hernaðaraðstoðar. Þegar Hitler réðist gegn Sovétríkjunum 1941 voru finnskar hersveitir í broddi sóknarinnar til Leníngrad, og þýska afturhaldið lofaði bæði í ræðu og riti Mannerheim-drengina úr Lappo-liðunum sem þjálfuðu nasistahermennina í návígis- og vetrarhernaði. Borgarablöðin hér á Íslandi þögðu eins og gröfin yfir þátttöku Finna í árásinni gegn Sovétríkjunum, sökum þess að samúð íslensks verkalýðs var með Sovétríkjunum, og blekkingin sem borgararnir beittu í áróðrinum gegn þeim í Vetrarstríðinu um "baráttu smáþjóðar gegn ásælni hins bolsévíska stórveldis" var orðin hverjum manni ljós.

Það er ekki þörf á því að rekja lengra hlut fasistans Mannerheims í baráttunni gegn verkalýð heimsins. Öll list er stéttbundin og lestur endurminninga Mannerheims er ekkert annað en árásir á málstað kúgaðra í heiminum. Þegar borgararnir dásama verk fasistanna afhjúpa þeir sig og afstöðu sína til frelsisbaráttu kúgaðrar alþýðu í heiminum.

-/ói

RAUÐI FÁNINN

1-2. tbl. 1974 Rauða Fánans er komið út. Meðal efnis er:
Ályktun landsráðstefnu KSML.
Um verkalýðsmál.
Um fræðilegu baráttuna innan KSML
Frá II. þingi Kominterns:
Faglega hreyfingin og verksmiðjunefndirnar.
Afstaða G. Skúlasonar.
Enver Hoxa: Um söguburð.



Þessi mynd er tekin í Georgíu í Sovétríkjum endurskoðunarstefnunnar árið 1973. Orðin sem máluð eru á vegginn þýða: "LIFI STALÍN". Þessi áletrun er aðeins eitt af mörgum merkjum þess að árásir endurskoðunarklíku Bresnefs á félaga Stalín og stefna hennar er feig.

BARÁTTAN Í SOVÉT

Stéttabaráttunni hefur borist úrdráttur úr grein, sem birtist í ólöglegu tímariti, sem nú gengur manna á milli neðanjarðar í Sovétríkjunum, útgefnu af BARÁTTUNEFNDINNI FYRIR ENDURREISN MARXÍSKS-LENÍNÍSKS FLOKKS Í SOVÉTRÍKJUNUM. Þetta tímarit er talandi vitnisburður um starfsemi vinstri andstöðuhópa í Sovétríkjunum. Þessir marxísku-lenínísku andspyrnuhópar eru ofsóttir og kúgaðir af miklu meiri hörku en hægri-borgarahóparnir, hópar manna eins og Solsjhenitsyns og Shakarovs. Á seinni árum hefur verið smyglað út úr Sovétríkjunum fjölda blaða og tímarita, sem bera vitni baráttu marxista-lenínista gegn endurskoðunarsinnunum. Sem dæmi má nefna:

1965 var gerð opinber pólitísk áætlun fyrir flokkinn: Byltingarsinnaðir kommúnistar í Sovétríkjunum (bolsévíkar).

1968 komst til vesturlanda flugblað útgefið af hópi byltingarsinnaðra verkamanna, sem kalla sig Stalín-hópinn.

Fréttir hafa borist af sjálfstæðri skipulagningu verkamannanna á vinnustöðunum undir leiðsögn sannra marxista-lenínista, og pólitísk verkföll og aðrar andófsaðgerðir færast í aukana.

Borgarapressan er þögul eins og gröfin um að það finnist vinstriandspyrna innan Sovétríkjanna, borgararnir púkka uppá sína menn, Solsjenitsyn og hans líka, en óttast ekkert meira en byltingarvilja sovésks verkalýðs. Greinin úr tímariti Baráttunefndarinnar fyrir endurreisn marxísks-lenínísks flokks í Sovétríkjunum, sem við munum birta úrdrátt úr hér að neðan, fjallar um áætlanir Sovétleiðtoganna um að halda toppfund endurskoðunarsinnaðra flokka heimsins, sem í eitt skipti fyrir öll er ætlað að "sparka" Alþýðulýðveldinu Kína út úr "heimshreyfingu kommúnista". Greinin útskýrir þessar áætlanir út frá þeirri pólitík, sem Sovétleiðtogarnir hafa fært fram gagnvart öðrum löndum almennt og gegn Kína sérstaklega. Er greinarhöfundur sýnir fram á pólitík endurskoðunarsinnanna notar hann m.a. tilvitnanir í fræðilegt málgagn sovéska kommúnistaflokksins, Kommúnistan, tilvitnanir, sem betur en nokkuð annað afhjúpa árásarstefnu heimsvaldasinnanna í Kreml. Greinin byrjar þannig:

> "Félagar - Allir raunverulegir marxískir-lenínískir flokkar og samtök taka ákveðna afstöðu á móti því að ráðstefna verkalýðs- og kommúnistaflokka af því taginu, sem haldin var í Moskvu 1969, og kínverski kommúnistaflokkurinn var útilokaður frá, verði endurtekin. Allir raunverulegir marxískir-lenínískir flokkar og samtök standa föstum fótum á þessum grundvallaratriðum: Iðkið marxisma en ekki endurskoðunarstefnu, sameinist en rekið ekki klofningspólitík, verið opin og heiðarleg en stundið ekki pukur og samsæri, sameinist til að vinna enn stærri sigra."

Síðan er vísað til orða Chou En-lais á 10. landsþingi Kommúnistaflokks Kína, er hann benti á, að vesturveldin óska einskis fremur en að beina athygli sóvésku endurskoðunarsinnanna í austurátt til að ógna Kína. Síðan heldur áfram í greininni:

> "...Félagar, við megum ekki láta baráttu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um heimsyfirráðin kljúfa hina raunverulega marxísku-lenínísku flokka og samtök, eða eyðileggja böndin milli hinna sósíalísku bræðralanda. Félagar, það er kínverski kommúnistaflokkurinn, sem heldur á lofti alþjóðahyggju öreiganna og berst gegn stórveldaþjóðrembingnum."

Baráttunefndin bendir á, að með þessu hvetur Bréfsnef til íhlutunar í kínversk málefni, boðar árásarstefnu. Síðan bendir Baráttunefndin á, að þetta er ekki í fyrsta skipti sem sósíalheimsvaldasinnarnir í Kreml gera sig seka um árásarstefnu og íhlutun í málefni annarra landa. Hún minnir á hernám Tékkóslóvakíu, hina stórkostlegu liðssöfnun við landamæri Kína, staðsetningu hersveita í Mongólíu, stuðningin við Lon-Nol klíkuna í Kambodíu, árás sovéskra skriðdreka á pólska verkamenn 1970, afskipti af innanríkismálum Egyptalands, aðgerðir Sovétmanna til að skipta Pakistan í tengslum við átökin í Bangla Desh, og þannig mætti lengi telja.

Síðan fjallar Baráttunefndin um greinar sem Bréfsnef hefur skrifað, þar sem hann ræðst harkalega á Alþýðulýðveldið Kína og reynir allt sem hann getur til að sverta það. Af tilvitnunum í Bréfsnef má sjá, að hann m.a. heldur fram, að Kína eitri andrúmsloft alþjóðaviðskipta, kalli fram aukna spennu í heiminum, geri stórkostlegar landsvæðakröfur af hendi Sovétríkjanna, sé með ábyrgðarlausar stríðshótanir og reki ábyrgðarlausa utanríkisstefnu. Baráttunefndin sýnir fram á það í skrifum sínum, að Sovét-heimsvaldasinnarnir hafa gert og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hafa áhrif á og blanda sér í innanríkismálefni Kína til að reyna að snúa þróun mála þar sér í hag. Sérstaklega á þetta við um tilraunir þeirra til að hafa áhrif á menningarbyltinguna og hina misheppnuðu gagnbyltingu Lin Píaós, sem endurskoðunarsinnarnir studdu af heilum hug. Síðan tekur Baráttunefndin tilvitnun í Bréfsnef, sem hljóðar svo:

> "Maóisminn er ósættanlegur andstæðingur sósíalismans. Með því að berjast gegn honum verja marxísku-lenínísku flokkarnir ekki aðeins hagsmuni hinnar alþjóðlegu kommúnista- og verkalýðshreyfingar, heldur uppfylla einnig alþjóðlega stéttarskyldu sína við hina vinnandi alþýðu Kína og hina sósíalísku framtíð Kína."

Að lokum hvetur Baráttunefndin fyrir endurreisn marxísks-lenínisks flokks í Sovétríkjunum alla stéttvísa verkamenn til að hefja baráttu gegn endurskoðunarsinnunum í Kreml, baráttu fyrir myndun nýs bolsévíkkaflokks í Sovétríkjunum er leitt geti sósíalíska byltingu þar. Við kommúnista í KSML sendum stéttarbræðrum okkar í Sovétríkjunum baráttukveðjur. Lifi alþjóðahyggja öreiganna!

-/ÓI

Málshöfðun „Varins lands“:

AFHJÚPUM BORGARALEGA „SKOÐANAFRELSIÐ“!

Málsóknir "Varins lands" gegn blaðamönnum Þjóðviljans og fleirum hafa sýnt greinilega hversu langt má teygja til þess að reyna að þagga niður í blöðum sem borgarastéttinni telur sér stafa hætta af. Það ber ekki að skilja þessi orð svo að Stéttabaráttan álíti að borgarastéttin hafi komist að þeirri niðurstöðu að Þjóðviljinn sé henni skeinuhættur, þvert á móti. En málshöfðunin veitir innsýn í það hversu skoðanafrelsið byggir á veikum grunni í auðvaldsþjóðfélaginu.

Lýðræði, í formi málfrelsis, fundafrelsis o.fl., er eftirgjöf af hálfu borgarastéttarinnar og í rauninni ætluð til að tryggja yfirráð hennar, því lýðræðishulan er besta formið fyrir alræði borgaranna. En það er ekki á hverjum tíma sem borgarastéttin getur stjórnað undir hulu lýðræðisins - og þá beitir hún fasísku hreyfingunni til að tryggja völd sín.

En lög auðvaldsþjóðfélagsins, jafnvel hins allra "lýðræðislegasta" eru þannig úr garði gerð, að beita má þeim gegn hreyfingu verkalýðsins hvenær sem ástandið skapar þá nauðsyn.

Þannig eru KSML í rauninni ólögleg samtök, því stjórnarskrá lýðveldisins bannar alla starfsemi, sem miðar að því að ryðja úr vegi yfirráðum borgarastéttarinnar, sem lýðræðinu er ætlað að hylja.

Ekki fasismi á Íslandi

Málssóknir "Varins lands" postulanna eru ekki merki þess að fasismi sé í framsókn á Íslandi í dag, pólitíska kreppan (þingrof o.fl.) og efnahagslega kreppan hafa ekki þróast að því marki að lýðræði borgarastéttarinnar hafi beðið skipbrot. En málsóknirnar verður að fordæma til þess að vekja athygli verkalýðsins á eðli borgaralega lýðræðisins og hverjum löggjöfin þjónar. Í dag eru það blaðamenn Þjóðviljans sem kallaðir eru fyrir dómstólinn - á morgunn verða það byltingarsinnarnir.

Þess er ekki að vænta að sósíaldemókratarnir í Alþýðubandalaginu noti þetta tækifæri til þess að afhjúpa auðvaldslýðræðið - því að Alþýðubandalagið hefur bundið allt sitt trúss við það.

Þeir hafa fallist á leikreglur borgarastéttarinnar og yfirgefið grundvöll verkalýðsstéttarinnar. Það segir sína sögu að í sama borgaralega ríkisvaldi, sem nú skal nota til að klekkja á skoðunum blaðamanna Þjóðviljans, sitja ráðherrar Alþýðubandalagsins - og hvernig ætti það að samrýmast hagsmunum þeirra að afhjúpa hverjum ríkisvaldið þjónar?

Viðbrögð Alþýðubandalagsins við málsóknunum hafa öll verið á einn veg: hneykslun og ákall á borgaralega réttlætiskennd. Fjöldabaráttan gegn aðgerðum afturhaldsins og afhjúpunin á borgaralega lýðræðinu, sem einmitt voru starfsaðferðir kommúnistanna í Kommúnistaflokki Íslands eru Alþýðubandalaginu fjarri - þetta er ein sönnun þess að grundvöllur Alþýðubandalagsins er auðvaldsskipulagið.

Stéttabaráttan lýsir yfir fordæmingu á málshöfðun afturhaldsseggjanna og styður blaðamenn Þjóðviljans og aðra þá sem hefur verið stefnt af "Vörðu landi".

-/hh

Leið kúguðu þjóðanna til frelsis: Alþýðustríðið!

Alþýða kúguðu þjóðanna rís nú í síauknu mæli upp gegn oki heimsvaldastefnunnar. Hún berst fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða sinna gegn harðstjórn leppa heimsvaldastefnunnar í löndum sínum. Hún berst fyrir lýðræði, málfrelsi,prentfrelsi,fundafrelsi o.s. frv. Í þeim löndum þar sem alþýðufylkingin er leidd af kommúnistum stefnir hún að sósíalisma að fordæmi hinnar hetjulegu baráttu kínversku, albönsku, kóreönsku og víetnömsku alþýðunnar og ávaxta októberbyltingarinnar.

Sagan hefur sýnt og sannað að aðeins sú barátta sem leidd er af kommúnistaflokki verkalýðs kúguðu þjóðanna getur leitt til sigurs alþýðuhersins yfir heimsvaldastefnunni og leppum þeirra. Að afvopna heri alþýðunnar eins og endurskoðunarsinnarnir gerðu í Chile þýðir því í raun ekkert annað en stuðningur við áframhaldandi arðrán og kúgun heimsvaldalandanna - stuðning við gagnbyltingaröflin.

Hin svokallaða friðsamlega þróun til sósíalisma sem sósíaldemókratar allra landa, uppvakningar II. Alþjóðasambandsins boða (og þar á meðal Alþýðubandalagið) , beið algert sögulegt skipbrot þegar í októberbyltingunni 1917 og flak þessarar skoðunar liðast nú óðfluga sundur og grotnar niður.

Eina leiðin sem er alþýðu kúguðu þjóðanna fær til frelsis er leið alþýðustríðsins, leið hinnar sósíalísku byltingar. Mósambik, Angóla, Ginea Bissau, allt eru þetta nýlendur portúgölsku heimsvaldastefnunnar, sem hafa reist fána alþýðustríðsins með þeim árangri að meira að segja í landi kúgaranna sjálfra leikur allt á reiðiskjálfi og hið aldagamla einræði riðar nú til falls.

Í trylltu útrýmingarstríði sínu gegn alþýðuhernum hefur portúgalska heimsvaldastefnan gengið sér til húðar. Portúgalskur verkalýður vill að öllu stríði sé hætt og komið sé á lýðræði. En stjórn Spínóla mun ekki stefna í átt til friðar þegar fram í sækir, og raunverulegs lýðræðis (því það getur aðeins verið lýðræði meiri hlutans: öreiganna). Stríðinu gegn nýlendunum verður haldið áfram (þó nú geti orðið um tímabundinn "frið" að ræða) þar til verkalýð og bændum Portúgal hefur skilist, eins og rússnesku alþýðunni í október 1917, að eina leiðin til raunverulegs friðar og raunverulegs lýðræðis er leið sósíalísku byltingarinnar að fordæmi októberbyltingarinnar. Í því stríði verður portúgalskur verkalýður og bændur að taka höndum saman við hina hetjulegu baráttu alþýðunnar í nýlendum Portúgals undir leiðsögn hins sanna marxíska-lenínska kommúnistaflokks, því aðeins þannig mun vinnast sigur yfir auðmagninu.

Annað stríð sem augu heimsins beinast að er stríðið milli hinna tveggja NATO-ríkja um hina gömlu nýlendu Breta, Kýpur. Íbúar þessarar eyju við botn Miðjarðarhafsins eru 660.000 að tölu og þar af eru 18% þeirra af tyrknesku bergi brotnir, en hinir eru aðallega frá Grikklandi komnir.

Ástandið á Kýpur í dag er aðeins áframhald af langri sögu eyjarinnar sem bitbein heimsvaldalandanna.

Segja má að það hafi varla verið til það herveldi við Miðjarðarhafið sem ekki hefur einhverntíman á sínum valdaferli ráðið Kýpur, enda er staðsetning hennar mjög mikilvæg í sjóhernaði og mikilvægur hlekkur í yfirráðum þessa hluta Miðjarðarhafsins.

Í rauninni var hið svokallaða "sjálfstæði", sem Bretar veittu Kýpur 1960 aðeins á yfirborðinu. Stjórn eyjarinnar var þannig skipt niður að Kýpurgrikkir fengu embætti forsetans (Makaríos) og 70% embættanna í ríkisvélinni, en Kýpurtyrkir 30%. Þetta er ein þeirra ástæðna sem tyrkir nú vilja fá sambandsríki á öðrum grundvelli en 1960. Þetta ástand er meðal annars afleiðing þess að breska heimsveldið á nákvæmlega sama hátt og t.d. á N-Írlandi, Indlandi og Pakistan tókst á sínum tíma að etja saman þeim tveimur þjóðarbrotum sem byggja eyjuna.

Þetta tókst þeim að framkvæma með því að búa til sérstök hverfi Kýpurgrikkja annars vegar og Kýpurtyrkja hins vegar í borgum og bæjum.

Einnig notuðu þeir mikið trúarbragðadeilur, því tyrkir eru yfirleitt múhameðstrúar, en Grikkir hlýta grísk-kaþólsku kirkjunni.

Áður fyrr höfðu að vísu verið mikil átök milli þessara tveggja þjóðarbrota en það náði aðeins til yfirstéttarinnar og fór allt eftir því hver réði eyjunni - hvort það var yfirstétt Kýpurgrikkja eða Kýpurtyrkja sem fékk mola af arðráni heimsvaldalandanna.

Það er því enginn vafi á því að Bretar kynntu undir deilunum á milli þjóðarbrotanna eingöngu til þess að Kýpurbúar gætu ekki risið sameinaðir gegn kúguninni og steypt arðránsaðstöðu þeirra þar.

En bylting leppa grísku heimsvaldastefnunnar og innrás Tyrkja á Kýpur auk áróðursins um aðskilnað "þjóðanna" mun ekki villa kommúnistum á Kýpur sýn. Þeir vita að það er upplausn í herbúðum óvinanna, Grikkja og Tyrkja, og að heimsvaldastefnan er aðeins pappírstígri. Þeir vita að eina leiðin sem alþýðu Kýpur er fær er leið alþýðustríðsins, sú leið að sameina alþýðu Kýpur um flokk sinn og hefja byltingarstríð til sjálfstæðis Kýpur á grundvelli alræðis öreiganna.

-/ea

KREPPA Í AÐSIGI...

FRAMHALD AF FORSÍÐU

afurða um 45%, og samdráttur nettógjaldeyrisverðmæta af framleiðslunni var um 50%.

Afleiðingarnar urðu svo þær, að þjóðarframleiðslan sem hafði vaxið um 9% á ári jókst nú aðeins um 3,5% á árinu 1966, en minnkaði um 2% 1967 og um 6% 1968.

Þjóðartekjurnar höfðu vaxið um 10,2% að jafnaði á ári, jukust nú um 8,5% 1966, en minnkaði svo um 6,8% 1967 og 7,2% 1968.

Þessi einkenni offramleiðslunnar frá 1966-69 hafa einnig komið fram nú.

Nú er markaðssamdrátturinn höfuðvandamálið eins og fyrir 7 árum. Vöruskiptajöfnuðurinn var óhagstæður á fyrstu 5 mánuðum þessa árs um 3,902 millj.kr., en á sama tíma í fyrra var hann hagstæður um 373 millj. kr., og hefur því vöruskiptajöfnuðurinn orðið óhagstæður á einu ári um 4,3 milljarði kr. Þessi samdráttur verður á sama tíma og loðnuveiðin hefur margfaldast, enda hleðst nú loðnumjölið upp og það á eftir að selja 2/3 af heildaraflanum.

Kapítalistarnir vilja frekar eyðileggja afurðirnar heldur en selja þær á lækkuðu markaðsverði, sem nú hefur orðið, ekki aðeins á loðnunni, heldur einnig á frystum flökum á Bandaríkjamarkaði. Þrátt fyrir aukna framleiðslu frystihúsanna hefur gjaldeyrisstaðan versnað. Frystihús SH framleiddu 3% meira 1973 heldur en árið áður. En nú hefur gjaldeyrisvarasjóðurinn dregist saman um helming.

Eins og 1966-69 er það verkalýðurinn sem er látinn taka á sig þessa kreppu auðvaldsframleiðslunnar.

Vöxtur verðbólgu er um 44%, og kaupmáttur launa hefur minnkað um ca. 12%, og atvinna hefur dregist saman.

Eina lausnin sem kapítalistarnir kunna til að vernda sinn milljónagróða er að lækka laun verkalýðsins, annað hvort með beinum kauplækkunum eins og þegar þeir tóku af 7,5 vísitölustigin sem áttu að koma á laun 1. júní, eða með því að lækka vöruverð, sem hefur hækkað frá 1971-74 um 144-200%.

Þetta er það sem auðvaldsframleiðslan hefur upp á að bjóða, verðbólgur og atvinnuleysi, þegar kapítalistarnir græða ekki nóg á vinnuafli verkalýðsins.

En á meðan fyrirfinnst ekkert af þessu í ríkjum verkalýðsins. Þar er ekki framleitt fyrir stundargróða, heldur með hagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum.

Í Kína hefur hvorki fyrirfundist verðbólga né atvinnuleysi, frá dögum byltingarinnar. Kínverskur verkalýður hefur komist að því að lausnin á efnahagsvandamálum kapítalismans er að afnema kapítalísku framleiðsluhættina með sósíalískri byltingu - valdatöku verkalýðs og bænda.

Þetta er einnig sú leið sem íslenskur verkalýður verður að fara til að létta af sér arðránsfjötrum íslensku auðvaldsframleiðslunnar.

Íslenskir verkamenn: Með því að taka þátt í uppbyggingu kommúnísks byltingarflokks, hefjið þið starfið fyrir valdatöku verkalýðsins á Íslandi.

-/ga

Sumarmót KSML

Og í reiptoginu varð jafnvel hið harðsnúnasta lið að láta í minni pokann...

Helgina 26-28 júlí héldu Kommúnistasamtökin sumarmót sitt í Botnsdal í Hvalfirði. Mótið var vel sótt af félögum og stuðningsmönnum, og besta veður var allan tímann. Markmið mótsins var að gefa félögum og stuðningsmönnum tækifæri til að kynnast innbyrðis og þannig auka félagaandann, samheldnina og styrkja innra líf samtakanna. Einnig voru á mótinu umræður um starfsstílinn, námið, eininguna og agann.

Á mótinu var margt til skemmtunar og fræðslu. Farið var í gönguferð að hæsta fossi landsins, Glym, og verður sú gönguferð vafalaust ógleymanleg öllum þátttakendum sökum þess hve vel hún var heppnuð. Einnig voru ýmis konar íþróttir og leikir á dagsskrá. Farið var í sellukeppni í pokahlaupi, reiptogi og boðhlaupi. Félagar í KSML hafa hittst reglulega á sunnudagsmorgnum í sumar til að iðka fótbolta og auðvitað var spilaður fótbolti af miklum móði. Í öllum íþróttum og leikjum var vináttan sett í öndvegi, fram fyrir keppni. Á laugardagskvöldið var haldin skemmtun, þar sem sellurnar og hóparnir komu fram með skemmtiatriði ýmiskonar. Þar voru lesin upp ljóð, sagðar skrítlur, sungið, farið í spurningakeppni o.fl. Kvöldskemmtunin endaði með fjöldasöng, en gefin hafði verið út fyrir mótið sérstök söngbók sem innihélt verkalýðssöngva frá ýmsum heimshornum. Dagsskráin endaði með því að fram var reitt heitt súkkulaði.

Á sunnudeginum voru pólitískar umræður um starfsstíl flokksins og baráttuna gegn vinnubrögðum hentistefnunnar. Fyrir mótið höfðu verið þýddar tvær greinar eftir Maó Tsetung, Endurbætum starfsstíl flokksins og Snúumst gegn frjálshyggjunni, og voru þær til náms á mótinu. Í námshandleiðslunni var gert ráð fyrir að við umræðurnar yrði reynt að draga fram reynslu KSML í sambandi við skipulagið, námið, starfið og baráttuna gegn hentistefnunni. Umræðurnar urðu alveg tvímælalaust til að glöggva skilning félaganna og stuðningsmannanna á mikilvægi þess að kommúnískur starfsstíll sé í heiðri hafður, og hvernig vinnubrögð hentistefnunnar eru ætíð í mótsögn við kommúníska starfsstílinn.

Í lokin voru almennar umræður, þar sem dregin var saman niðurstaðan af umræðunum og reynsla sumarmótsins. Það var álit allra að mótið hefði heppnast sérlega vel, og náð tilgangi sínum með ágætum. Það er áformað að áframhald verði á félagslífi innan KSML með íþróttaiðkun, ferðum og skemmtifundum.

-/ói

STARFIÐ...

FRAMHALD AF FORSÍÐU

veitt baráttunni fyrir auknu lýðræði innan verkalýðsfélaganna forystu og pólitíska leiðsögn. Þess vegna er það brýnt verkefni kommúnistanna að hefja þegar í dag undirbúning að skipulagningu slíks andstöðuarms. Slíkt verður best gert með því að kommúnistarnir noti sérhvert tækifæri til að afhjúpa svikamakk forystunnar og þjónkun hennar við atvinnurekendur, bæði á fundum verkalýðsfélaganna og eins í áróðurs- og útbreiðslustarfi sínu á vinnustöðunum sjálfum. Það er skylda kommúnistanna að nota sérhvert tilefni, sem gefst á vinnustöðunum eða með yfirlýsingum og aðgerðum endurbótasinnuðu forystunnar á opinberum vettvangi, til að afhjúpa hana frammi fyrir verkalýðnum og tengjast verkamönnunum sem hlut eiga að máli sem sterkustum böndum. Við verðum að skýra sjónarmið okkar, stefnu og starfshætti kommúnismans og sýna verkamönnunum fram á, að það er aðeins þegar þeir taka málin í eigin hendur, sem þeir geta náð árangri í baráttunni. En það er engan veginn nægilegt, að reka áróður og útbreiðslustarfsemi. Kommúnistarnir verða líka að taka þátt í og skipuleggja baráttu verkalýðsfélagameðlimanna gegn auðvaldinu og fyrir auknu lýðræði innan verkalýðsfélaganna. Til dæmis er baráttan fyrir myndun samfylkingarhópa á þeim vinnustöðum, þar sem kommúnistarnir eru starfandi og eins þar sem þeir reka reglubundið áróðurs- og útbreiðslustarf, mikilsvert atriði. Andstöðuarmurinn innan verkalýðsfélaganna getur ekki orðið til bara með yfirlýsingum eða áróðri á fundum verkalýðsfélaganna, hann verður aðeins til sem afleiðing af starfi kommúnistanna á vinnustöðunum, sem samtengjari þeirra samfylkingarhópa sem sprottið hafa fram í baráttunni á vinnustöðunum sjálfum. Að ofmeta starfið innan verkalýðsfélaganna og leggja enga rækt við skipulagningu samfylkingarhópa verkamannanna á vinnustöðunum er hættulegt hægri-frávik, sem myndi leiða til þess að kommúnistarnir myndu einangrast frá verkamönnunum og verða að fámennum hópi fagfélagssinna. Þetta getum við best séð af starfi Fylkingarinnar og Sósíalistafélags Reykjavíkur, sem lagt hafa ofuráherslu á skipulagningu hópa innan fagfélaganna, sem eru slitnir úr tengslum við starf á vinnustöðunum og eru "ópólitískir" sem í raun og veru er ekki annað en borgaraleg fagfélagastefna.

Hinn öfgann verður einnig að varast, nefnilega að ofmeta starfið á vinnustöðunum og leggja enga rækt við samtengingu þess og sameiginlega skipulagningu í rauðum andstöðuarmi innan verkalýðsfélaganna. Slíkt myndi leiða til einangrunarstefnu, þar sem barátta einstakra hópa verkamanna, eða verkamanna í einstökum verksmiðjum myndi einangrast frá baráttu verkamannanna annars staðar, reynslan yrði ekki öðrum verkamannahópum að gagni, skipulagning samúðarverkfalla og stuðningsverkfalla í sömu atvinnugrein eða tengdri iðngrein yrði ekki möguleg og heildarskipulagning verkfallsbaráttunnar yrði engin. Kommúnistarnir verða að heyja harðvítuga baráttu gegn samfylkingu verkalýðsforystunnar við borgaralega ríkisvaldið og samtök kapitalistanna og samfylkja verkamönnum til baráttu gegn því, að lýðræði innan verkalýðsfélaganna verði skert enn frekar, að sáttanefndir og gerðardómar leysi verkfallsbaráttuna af hólmi o.s.frv.

Ástæðan fyrir starfi kommúnistanna innan verkalýðsfélaganna, er sú, að þar er að finna verkalýðsfjöldann, verkamennina sem ekki eru pólitískt virkir og ekki skipulagðir fyrir baráttu stéttar sinnar á annan hátt. Að yfirgefa verkalýðsfélögin, jafngildir því, að yfirgefa þennan hóp verkamanna í höndunum á endurbótasinnunum. Við verðum einnig að forðast að líta á verkalýðsfélögin sem "óhrein" og að starf innan þeirra, t.d. að taka þátt í kosningum til allra embætta innan þeirra, auk þess sem að framan er rakið, leiði til hentistefnufrávika. Öll form stéttabaráttunnar verða að vera vettvangur fyrir starf kommúnistanna.

-/kg

Gerist áskrifendur
að
STÉTTABARÁTTUNNI

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!
LIFI MARXISMINN LENINISMINN HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

TIL ÁSKRIFENDA STÉTTABARÁTTUNNAR

Enn eiga nokkrir áskrifendur eftir að greiða gjaldfallnar áskriftir Stéttabaráttunnar. Með þessu eintaki fá þeir, sem búa úti á landi, send útfyllt póstávísunareyðublöð, og þurfa þeir aðeins að fara í pósthúsið og greiða gjaldið þar. Áskrifendur í Reykjavík verða rukkaðir af félögum Reykjavíkurdeildarinnar. Fari svo að okkur hafi ekki borist greiðsla eða önnur tilkynning fyrir útkomu októberblaðsins (síðasta miðvikudag í október) munum við fella niður áskrift þeirra, sem eiga ógreiddar áskriftir frá og með því blaði.

Félagar - áskrifendur, styðjið uppbygginguna Stéttabaráttunnar, eina byltingarsinnaða blaðsins á Íslandi.
Greiðið gjald ykkar sem fyrst.

Venjuleg áskrift:	400,oo
Stuðningsáskrift:	600,oo
Baráttuáskrift:	800,oo

„Þjóðhátíð“ skal það vera!

Magnús Einarsson: "Jörðin og öxin...".

"Þjóðhátíð" borgaranna er mikilvæg nú þegar lögmál auðvaldsþjóðfélagsins, stjórnleysið í framleiðslunni, opinbera sig. Þegar kjaraskerðing gagnvart verkalýðnum stendur fyrir dyrum finnast fá álíka snjöll brögð og að efna til orgíu í þjóðrembingi. "Þjóð"hátíðarnefnd, sem fekk það hlutverk að framkvæma snilldina, var því mikið í mun að engir blettir yrðu á verkinu. Þegar Fylkingin efndi til mótmælaaðgerða og flugblaðadreifingar á hinum "friðhelga stað" þar sem stéttafriðurinn skyldi ríkja, þá voru viðbrögðin snögg og hörð. Svo hörð að eigin lög borgaranna um tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi urðu að víkja í atgangnum

Vissulega verður að skoða aðgerð Fylkingarinnar sem eitt af mörgum upphlaupum hennar. Starf Fylkingarinnar gefur ekki tilefni til að mæla með aðgerðum hennar, minna má á þjóðernissinnaða afstöðu hennar í hermálinu þar sem hún færir fram smáborgaralegar kenningar um "vernd" USA-heimsvaldasinnanna fyrir íslensku borgarana - í stað þess að sýna fram á kúgunaröfl innlendu borgarann og raunverulegt eðli þeirra. En KSML fordæmir aðgerðir lögreglunnar gegn Fylkingunni, því að hér var um að ræða fasíska árás á tjáningarfrelsið.

Það vakti enga furðu okkar í KSML að Magnús Einarsson varðstjóri skyldi vera framarlega í flokki þeirra sem réðust til uppgöngu á barm Almannagjár. Hótanir hans nú um að kasta Fylkingarfélögunum fram af brúninni eru sams konar hótanir og hann hafði í frammi gagnvart félögum KSML í fyrra, er Nixon og Pompidú föðmuðust hérlendis. Magnús lýsti því þá yfir að ef hann réði myndi hann láta skjóta okkur öll, einnig sagði hann að "jörðin og öxin" geymdu okkur best, þ.e. fyrst skyldi höggva og síðan dysja. Hér var þó um að ræða fullkomlega löglegar aðgerðir KSML, sem höfðu fengið samþykki lögreglustjórans. Magnúsi Einarssyni finnst greinilega svigrúm borgaralega lýðræðisins full lítið fyrir sínar tillögur um "lausn vandamálanna", því að í dag hefur íslenska borgarastéttin ekki þörf fyrir lausn þá er Magnús telur réttar gagnvart "óróaseggjum". Hann væri betur kominn í vígasveitum Bandaríkjanna í Indókína - þar fengi hann líka að smakka á vilja alþýðunnar, sem svarar fyrir sig.

-/hh